

AUGLÝSING

um breytingar á verslunar- og siglingasamningi við Grikkland.

Með orðsendingu utanríkisráðuneytis Grikklands dags. 30. desember 1987 og svarorðsendingu sendiráðs Íslands í Bonn dags. 18. maí 1988 voru gerðar þær breytingar á verslunar- og siglingasamningi frá 28. janúar 1930 milli Íslands og Grikklands, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 77/1931, að 2. gr. sammingsins og lokabókun var sagt upp og tilvísun í 1. gr. sammingsins til verslunar felld niður. Breytingar þessar öðluðust gildi 15. nóvember 1988.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1950 var við aðild San Marino að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að San Marino skyldi öðlast rétt á 2 þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 16. nóvember 1988.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

The amended text of Article 26 is worded as follows:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Liechtenstein	2
Lúxemborg	3

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
France	18
Federal Republic of Germany	18
Greece	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Liechtenstein	2
Luxembourg	3